

Stefnumótun þorskeldis fyrir árin 2008-2012

- Skipulag og verkaskipting vegna ársins 2007-

apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
-------	-----	------	------	-------	-------	------	------	------

Verkpáttur 1

Verkpáttur 2a

Verkpáttur 2b

Verkpáttur 3a

Verkpáttur 3b

Verkpáttur 4

Verkpáttur 1 - Skýrsludrög

Verkefnisstjóri skrifar frumdrög að einstökum köflum skýrslunnar „*Staða þorskeldis á Íslandi, samkeppnishæfni og stefnumótun rannsókna- og þróunarstarfs*” í samvinnu við fáeina sérfræðinga. Skýrslunni er ætlað að gefna yfirlit yfir stöðu þekkingar til að auðvelda vinnu faghópa við val mikilvægra R&B verkefna. Eftirtaldir kaflar verða í skýrslunni:

1. Inngangur
2. Seiðaðeldi
3. Kynbætur
4. Umhverfismál og eldistækni
5. Matfiskeldi
6. Heilbrigðismál
7. Slátrun, vinnsla og gæðastjórnun
8. Markaðsmál
9. Samkeppnishæfni þorskeldis
10. Tillögur að R&B verkefnum

Sérstök vefsíða verður útbúin vegna stefnumótunarvinnunnar. Hún notuð til að miðla upplýsingum um framgang vinnu einstakra faghópa og niðurstöður birtar jafnóðum á vefnum.

Verkpáttur 2a - Vinnufundir

Haldnir verða fundir í eftirtöldum faghópum:

- Faghópur 1 - Umhverfismál og eldistækni (*kaflí 4 í skýrslu*)
- Faghópur 2 - Seiðaðeldi og kynbætur (*kaflar 2 og 3 í skýrslu*)
- Faghópur 3 - Matfiskeldi (*kaflí 5 í skýrslu*)
- Faghópur 4 - Vinnsla, gæða- og markaðsmál (*kaflar 7, 8 og 9 í skýrslu*)
- Faghópur 5 - Heilbrigðismál (*kafla 6 í skýrslu*)

Viðfangsefni faghópa verða eftirfarandi:

- Fara yfir skýrsludrög og gera viðeigandi leiðréttingar. Haldin verða erindi af sérfræðingum á þessum fundum eftir því sem við á.
- Skilgreina R&B verkefni og skipta þeim í alþjóðleg viðfangsefni og verkefni sem eingöngu verða unnin hér á landi án þess að forgangsraða þeim.
- Ef upp kemur ágreiningur verður þeim aðila(um) gefinn kostur að koma sínum sjónarmiðum fram í erindi á þorskeldisráðstefnunni.

Verkpáttur 2b - Frágangur á skýrslu

Í lok hvers fundar vinnur verkefnisstjóri ásamt fáeinum sérfræðingum við frágang viðkomandi kafla í skýrslunni. Endurbætt drög verða síðan sett á vefsíðu ráðstefnunnar og þáttakendum gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Skýrsla

Verkpáttur 3a - Kynning

Auglýsingar settar í blöð og greinar skrifaðar til að kynna almennt þorskeldi, stefnumótunina og ráðstefnuna.

Verkpáttur 3b - Tveggja daga ráðstefna

Haldin verður tveggja daga ráðstefna 29.-30. nóvember og henni skipt í tvo aðskilda hluta:

- Fyrri daginn er eingöngu kynning á þorskeldisverkefnum sem eru í gangi eða nýlega lokið. Sérfræðingar kynna rannsóknaniðurstöður í fyrirlestrum og á veggspjöldum.
- Seinni daginn er tekin fyrir stefnumótun í þorskeldi og verða frummælendur sérfræðingar úr faghópunum (10-15 erindi).
- Allir fyrirlestrar verð settir inn á vefsíðu ráðstefnunnar í lok hennar. Skýrslan verður einnig birt á vefnum og dreift á fyrsta degi ráðstefnunnar.

Verkpáttur 4 - Stefnumótun Fiskeldishóps AVS

Fiskeldishópur AVS útbýr stefnumótun fyrir þorskeldi þar sem hann styðst m.a. við:

- Tillögur fyrirlesara og annarra þátttakenda á þorskeldisráðstefnunni.
- Jafnframt verður einnig stuðst við upplýsingar í skýrslunni „*Staða þorskeldis á Íslandi, samkeppnishæfni og stefnumótun rannsókna- og þróunarstarfs*”.
- Stefnumótun Fiskeldishóps AVS verður sett inn á vef hópsins seinnihluta desember.